

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. desember 2023

Mál nr. E-5702/2020:

**Pb. Fashion ehf.**

(Ólafur Eiríksson lögmaður)

**gegn**

**A faktoring ehf.**

(Lárus Sigurður Lárusson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október 2023, var höfðað 11. september 2020 af þrotabúi Fashion ehf., Efstaleiti 5, Reykjavík, á hendur A faktoring ehf., Sundagörðum 5, Reykjavík, til riftunar á greiðslum. Fyrirsvarsmaður stefnda er Baldur Guðlaugsson, Laugarásvegi 6, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslum stefnanda til stefnda, að fjárhæð samtals 19.152.375 krónur, sem inntar voru af hendi þann 26. júlí 2019 að fjárhæð 3.300.069 krónur; þann 13. ágúst 2019 að fjárhæð 3.480.321 króna; þann 4. september 2019 að fjárhæð 2.100.067 krónur; þann 12. september 2019 að fjárhæð 304.305 krónur; þann 7. október 2019 að fjárhæð 596.784 krónur; þann 7. október 2019 að fjárhæð 1.707.064 krónur; þann 21. október 2019 að fjárhæð 837.560 krónur; þann 13. nóvember 2019 að fjárhæð 1.000.000 króna; þann 13. nóvember 2019 að fjárhæð 197.020 krónur; þann 4. desember 2019 að fjárhæð 3.500.000 krónur; þann 18. desember 2019 að fjárhæð 629.185 krónur; og þann 20. desember 2019 að fjárhæð 1.500.000 krónur.

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 19.152.375 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 3.300.069 krónum frá 26. júlí 2019 til 13. ágúst 2019, af 6.780.390 krónum frá þeim degi til 4. september 2019, af 8.880.457 krónum frá þeim degi til 12. september 2019, af 9.184.762 krónum frá þeim degi til 7. október 2019, af 11.488.610 krónum frá þeim degi til 21. október 2019, af 12.326.170 krónum frá þeim degi til 13. nóvember 2019, af 13.523.190 krónum frá þeim degi til 4. desember 2019, af 17.023.180 krónum frá þeim degi til 18. desember 2019, af 17.652.375 krónum frá þeim degi til 20. desember 2019 og af stefnufjárhæð frá þeim degi til 17. september 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af dómkröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Í máli þessu er deilt um hvort þær 19.152.375 krónur sem millifærðar voru af bankareikningi stefnanda inn á bankareikning stefnda séu riftanlegar ráðstafanir og hvort stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á vegna þeirra.

Atvik málsins eru þau að hinn 9. janúar 2020 var bú félagsins Fashion ehf. (áður Fashion Group ehf.) tekið til gjaldþrotaskipta og var Ólafur Eiríksson lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 3. október 2019.

Hið gjaldþrota félag starfaði sem verktaki, aðallega við byggingu stálgrindarhúsa, og nýtti það sér þjónustu stefnda, en stefndi er félag sem býður upp á reikningakaup án endurkröfu. Stefndi veitti félaginu rekstrarfjármögnun á móti reikningakaupum. Gerðu félagið og stefndi með sér samning um kaup á kröfum hinn 4. nóvember 2016. Samkvæmt grein 2.1 í samningnum var þar að finna almenna skilmála sem giltu um kaup kaupanda, stefnda, á kröfum af seljanda, hinu gjaldþrota félagi. Ferlið í viðskiptum aðila var þannig að félagið framseldi reikninga, sem það gaf út vegna vinnu sinnar, til stefnda gegn greiðslu og skyldu reikningarnir skilmerkilega áritaðir um framsalið. Þeir reikningar voru þá greiddir stefnda í stað stefnanda.

Samkvæmt samkomulagi, dags. 8. júlí 2019, milli hins gjaldþrota félags og stefnda skyldi stefndi fjármagna viðbótarsamning félagsins við félagið Korputorg ehf., allt að fjárhæð 18.000.000 króna. Átti krafan að vera keypt í tveimur hlutum, annars vegar með kaupnótu samdægurs, að fjárhæð 11.500.000 krónur, og hins vegar kaupnótu, dags. 25. júlí 2019, að fjárhæð 6.500.000 krónur. Stefndi kveður fjárhæðina hafa verið færða inn á bókhaldslykil sem greiðslu stefnda til félagsins í stað þess að hún yrði greidd inn á bankareikning félagsins og að um það hafi verið gagnkvæmt samkomulag. Samkvæmt 5. gr. samkomulagsins átti að miða við að starfsmaður stefnda myndi ráðstafa útborgunarfjárhæð í samráði við Fashion Group og færi hluti hennar „áætlað um 1,5 m. kr.“ í að greiða þóknunir og framlengja gjaldfallna reikninga. Í 6. gr. samkomulagsins kemur fram að allar tryggingar hjá Fashion Group, þ.m.t. sjálfskuldarábyrgðir og veð, nái til þessarar fjármögnunar, en auk þess gefi eigandi Fashion Group ehf. út til viðbótar tryggingarbréf á fasteign sína að Frjóakri 7 í Garðabæ, að fjárhæð 60 milljónir króna, sem komi í stað framseldra skuldabréfa.

Verkkaupinn Korputorg ehf. átti ekki aðild að þessu samkomulagi. Greiðslur úr verkinu áttu að berast eftir framvindu og skyldu samkvæmt samkomulaginu frá 8. júlí 2019 fara inn á handveðsreikning sem var í eigu hins gjaldþrota félags, en væri veðsettur stefnda. Starfsmaður stefnda væri þá einn með prókúru á reikninginn og netbankaaðgang og viðeigandi greiðslur yrðu síðan millifærðar innan 24 tíma inn á bankareikning stefnda.

Aðila greinir á um hvort eftirfarandi 12 greiðslur, sem fóru af reikningi stefnanda inn á reikning stefnda, séu riftanlegar ráðstafanir svo sem stefnandi heldur fram eða, svo sem stefndi heldur fram, að þær séu vegna greiðslu stefnda á útgjöldum fyrir stefnanda, sem eigi sér stoð í samningum stefnanda og stefnda. Innborganir bárust á bankareikning stefnanda frá Korputorgi ehf. til greiðslu á 14 útgefnum reikningum frá stefnanda vegna vinnu samkvæmt verksamningi, dags. 11. júlí 2019. Reikningarnir voru ekki áritaðir um framsal til stefnda, en með heimild frá eiganda hins gjaldþrota félags til stefnda til úttektar af bankareikningi stefnanda tók stefndi þessar innborganir til sín.

<b>Dagsetning</b>	<b>Fjárhæð</b>
26.7.2019	kr. 3.300.069
13.8.219	kr. 3.480.321
4.9.2019	kr. 2.100.067
7.10.2019	kr. 596.784
21.10.2019	kr. 837.560
13.11.2019	kr. 1.000.000
13.11.2019	kr. 197.020
4.12.2019	kr. 3.500.000
18.12.2019	kr. 629.185
20.12.2019	kr. 1.500.000
7.10.2019	kr. 1.707.064
12.9.2019	kr. 304.305
<b>SAMTALS</b>	<b>kr. 19.152.375</b>

Í tölvupósti skiptastjóra til stefnda frá 10. janúar 2020 sem ítrekaður var 17. janúar 2020 óskaði skiptastjóri eftir upplýsingum og afriti af samningum á milli stefnanda og stefnda og einnig eftir yfirliti yfir allt fjárflæði á milli félaganna frá 1. október 2017 og upplýsingum um svokallaðan kaupreikning stefnanda hjá stefnda. Beiðnin var ítrekuð með bréfi til stefnda 22. janúar 2020 og barst svar frá stefnda 30. janúar s.á., án þess að yfirlit yfir fjárflæði hefði fylgt með. Í bréfinu var samningssamband stefnanda og stefnda rakið og með svarinu fylgdi kröfulýsing stefnda í þrotabúið á veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991, að fjárhæð 10.514.320 krónur.

Með tölvupósti 10. mars 2020, ítrekaði skiptastjóri enn beiðni sína um yfirlit yfir fjárflæði milli stefnanda og stefnda. Var jafnframt óskað eftir frekari skýringum á samningssambandi aðila sem og gögnum. Samkvæmt tölvuskeyti frá 12. mars 2020 kvaðst stefndi ætla að verða við því. Skiptastjóri ítrekaði beiðnina í tölvupóstum til stefnda 23. og 30. mars og 15. og 20. apríl 2020. Með tölvupósti 27. apríl 2020 kveðst lögmaður stefnda ætla að senda gögnin. Skiptastjóri ítrekaði beiðni sína á ný dagana 22. maí 2020 og 18. júní 2020. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir skiptastjóra um yfirlit yfir fjárflæði á milli stefnanda og stefnda bárust þau gögn ekki stefnanda.

Með tölvupósti frá skiptastjóra til stefnda hinn 25. mars 2020 fylgdi yfirlit krafna í búið og afstöðu hans til þeirra. Í skjalinu kom fram að kröfu stefnda í þrotabúið hefði verið hafnað sem veðkröfu, „meðal annars þar sem fylgigögn styðja ekki kröfu; og á grundvelli 1. mgr. 111. gr. laga nr. 21/1991; og að auki á grundvelli 1. mgr. 137. gr. laga nr. 21/1991“. Þann 27. apríl 2020 sendi lögmaður stefnda skiptastjóra mótmælalibréf þar sem mótmælt var höfnun á kröfu stefnda í búið. Vísað var til samnings frá 8. júlí 2019 og krafan sögð vera veðkrafa á grundvelli umboðs til úttekta af bankareikningi búsinns vegna kröfu sem keypt hefði verið (18.000.000 króna), en stefndi hefði aðeins fengið greiddar 7.784.586 krónur upp í þá kröfu.

Skiptafundur þrotabúsins var haldinn 27. apríl 2020. Þar kom fram að skiptastjóri teldi að þrotabúið ætti mögulega kröfur um riftun gegn ýmsum aðilum, meðal annars stefnda. Óskaði skiptastjóri eftir því að kröfuhafar í þrotabúið myndu ábyrgjast kostnað af frekari skoðun málsins.

Hinn 24. júní 2020 sendi skiptastjóri kröfu um vitnakvaðningu til Héraðsdóms Reykjaness þar sem þess var krafist að framkvæmdastjóri stefnda yrði kvaddur fyrir dóm til að gefa skýrslu. Skýrslutakan fór fram 15. júlí sama ár og er endurrit hennar meðal gagna málsins. Óskað hafði verið eftir því að vitnið hefði með sér ýmis gögn, meðal annars um fjárflæði milli stefnanda og stefnda, en gögnin voru ekki afhent og hafa ekki enn verið afhent. Við skýrslugjöf kvaðst framkvæmdastjórinn aðeins afhenda þau gögn sem lögmaður stefnda teldi skylt að afhenda.

Með bréfi skiptastjóra frá 11. september 2020 til Héraðssaksóknara krafðist skiptastjóri opinberrar rannsóknar á viðskiptum þrotabúsins og stefnda sem og á háttsemi stefnda gagnvart stefnanda. Var vísað til þess að skiptastjóri hefði ekki fengið þær upplýsingar um eignir og réttindi þrotabúsins sem skiptastjóri teldi að þrotabúið ætti rétt á að fá. Niðurstaða þeirrar rannsóknar liggur ekki fyrir í máli þessu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur Ólafur Haraldsson, fyrrverandi framkvæmdarstjóri stefnda, Oddur Rúnar Oddsson, starfsmaður stefnda, Freygarður Jóhannsson, eigandi hins gjaldþrota félags, Sævar Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri Korputorgs ehf., og Þóra Atladóttir, þjónustufulltrúi fyrirtækja í Landsbankanum.

## Málsástæður og lagarök stefnanda

### *Krafa um riftun*

Stefnandi byggir á því að þeir 14 reikningar sem mál þetta snýst um hafi ekki verið stimplaðir um framsal til stefnda í samræmi við fyrirmæli í samstarfssamningi aðila þar sem kemur fram að allir reikningar og kröfur samkvæmt samningnum skuli framseldir stefnda og skilmerkilega áritaðir um framsalið. Umræddir reikningar hafi allir verið greiddir beint inn á bankareikning stefnanda enda hafi það verið í samræmi við fyrirmæli í verksamningi stefnanda og Korputorgs ehf. frá 11. júlí 2019. Ekkert sé fjallað um framsal kröfunnar í samningnum og hafi fyrirvarsmaður Korputorgs ehf. ekki kannast við slíkt framsal í tengslum við umræddan samning.

Þá hafi fyrirvarsmaður Korputorgs ehf. upplýst skiptastjóra um að þríhliða samningur hefði verið gerður á milli Korputorgs ehf., stefnanda og stefnda vegna þriggja verkefna samtals að andvirði rúmlega 90 milljónir króna. Þeir reikningar sem mál þetta snúist um hafi ekki fallið þar undir heldur hafi þar verið um að ræða að mestu tímavinnuverk sem greitt hafi verið fyrir samkvæmt framvinduskýrslu beint til stefnanda, án milligöngu stefnda. Það samkomulag sem stefndi vísi til sé sagt hafa verið gert þann 8. júlí 2019 eða þremur dögum áður en stefnandi hafi undirritað samkomulag við Korputorg ehf. Ef fylgja hefði átt samkomulagi sem sagt sé undirritað 8. júlí 2019 hefði verið hægt að tiltaka það í samkomulagi við Korputorg ehf., en það hafi ekki verið gert. Þá hafi stefnandi ekki fundið samkomulag við stefnda, dags. 8. júlí 2019, í bókhaldi þrotabúsins heldur hafi honum verið afhent það af stefnda nokkru eftir gjaldþrot stefnanda. Þá fyrst hafi því verið borið við að um hafi verið að ræða skuld vegna kröfukaupa.

Samkvæmt samkomulaginu frá 8. júlí 2019 sé forsenda fyrir því samkomulagi að reikningur nr. 135 að fjárhæð 7.884.324 krónur sé greiddur, sbr. 4. gr. samningsins. Ekkert liggja fyrir í málinu um að sú forsenda hafi gengið eftir og því óljóst hvort samningurinn hafi nokkurn tímann komist á samkvæmt efni sínu. Þar að auki sé það ljóst að hluti útborgunar hafi farið í það að greiða fyrir þóknanir til að framlengja gjaldfallna reikninga til 1. ágúst 2019. Hafi málum verið háttað í samræmi við samkomulagið hafi ekki verið um hrein kaup á kröfum að ræða heldur virðist stefndi hafa tekið stóran hluta andvirðis útgefinna reikninga til greiðslu eldri reikninga og þóknana. Það sé ekki í samræmi við það sem komi fram í bréfi frá lögmanni stefnda.

Þá sé ekki að sjá á bankareikningum stefnanda að greiðslur vegna meintra kaupa stefnda á kröfu stefnanda hafi skilað sér á bankareikning stefnanda, en þar sé ekki að finna fjárhæðir sem samrýmist kaupnótunum. Stefnandi hafi ekki fengið upplýsingar um meintan „kaupreikning“ stefnanda hjá stefnda og hafi því ekki upplýsingar um það hver hafi yfirumsjón yfir þeim reikningi eða hvort greiðslur hafi borist inn á þann reikning.

Ekki fáist séð að nokkurt endurgjald hafi komið fyrir meint kaup á kröfunni. Telur stefnandi að stefndi hafi ekki sýnt fram á að umræddir 14 reikningar hafi verið framseldir honum og því liggi ekki fyrir neinar skýringar á því hvers vegna umræddar fjárhæðir hafi verið millifærðar inn á reikning stefnda.

Þá hafi stefndi jafnframt borið það fyrir sig að umræddur reikningur stefnanda hjá Landsbankanum hf., nr. 0130-26-031199, sem Korputorg ehf. hafi greitt inn á, hafi verið handveðsettur stefnda til tryggingar á greiðslum samkvæmt samkomulagi aðila. Hins vegar hafi slík veðsetning aldrei verið tilkynnt Landsbankanum hf. Þá hafi stefnandi aldrei verið sviptur aðgengi að bankareikningnum og því hafi veðsetningin aldrei öðlast réttarvernd, sbr. 2. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð.

Umrædd tryggingarráðstöfun sé riftanleg með vísan til 137. gr. laga nr. 21/1991, en samkvæmt ákvæðinu megi krefjast riftunar á veðrétti eða öðrum tryggingaréttindum ef slík réttindi eru ekki tryggð gegn fullnustuaðgerðum án ástæðulauss dráttar eftir að skuldin varð til og ekki fyrr en á síðustu sex mánuðum fyrir fresttag. Reglan byggist á hlutlægum grunni og ekki sé gerð sérstök krafa um að ráðstafanir þær sem gerðar séu á grundvelli hennar séu óvenjulegar og skipti því ekki máli hvort ráðstöfunin hafi verið venjuleg eftir atvikum eða ekki. Þar sem veðsetningin hafi ekki verið tryggð gegn fullnustuaðgerðum fyrir fresttag séu skilyrði ákvæðisins þegar í stað uppfyllt. Hafi umræddum lýstum veðrétti verið rift með vísan til 137. gr. laganna með afstöðu skiptastjóra til kröfulýsingar stefnda.

Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að stefndi hafi ekki átt nokkurt tilkall til framangreindra fjármuna og því sé um riftanlegar ráðstafanir að ræða á grundvelli 131., 134., 139. og 141. gr. laga nr. 21/1991.

#### Riftunarkrafa með stoð í 131. gr. laga nr. 21/1991

Metur stefnandi það svo að greiðslur til stefnda án sýnilegs endurgjalds til stefnanda feli í sér gjafagerning í skilningi 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Þar komi fram að krefjast megi riftunar á gjafagerningi hafi gjöfin verið afhent á síðustu sex mánuðum fyrir fresttag. Um sé að ræða hlutlæga riftunarreglu en við mat á því hvort skilyrði hennar séu uppfyllt sé litið til þess hvort umræddur gerningur hafi haft í för með sér rýrnun á eignum þrotamanns eða auðgun gjafþega.

Ljóst sé að umræddar millifærslur hafi falið í sér skerðingu eða rýrnun á eignum stefnanda enda hefðu umræddir fjármunir að öðrum kosti runnið til þrotabúsins. Skilyrðið sé almennt túlkað rúmt í því skyni að ná markmiði laganna um jafnræði kröfuhafa við gjaldþrotaskipti. Þá sé ljóst að stefndi hafi auðgast á umræddri ráðstöfun og að hún uppfylli því bæði skilyrði ákvæðisins.

Í fræðiritum og framkvæmd hafi verið bent á þá staðreynd að þegar aðili sjái fram á að fjárhagur hans stefni í þrot sé ástæða til að ætla að sá hinn sami muni koma til með

að grípa til þess að ráðstafa eignum sínum með gjafa- eða örlætisgerningum til þeirra sem honum eru nákomnir í því skyni að eiga þess kost síðar meir að njóta þessara eigna eftir að gjaldþrotaskiptum lýkur.

Í því sambandi sé mikilvægt að átta sig á því að samband stefnanda og stefnda hafi verið sérstaks eðlis. Stefndi hafi til að mynda séð að mestu um að fjármagna rekstur stefnanda síðustu árin fyrir gjaldþrotið. Stefndi hafi einnig haft millifærsluheimild og prókúru á reikningum stefnanda samkvæmt umboði, dags. 4. september 2017. Oddur Rúnar Oddsson, starfsmaður stefnda, hafi framkvæmt átta af þeim tólf færslum sem gerðar hafi verið í tengslum við reikningana fjórtán. Stefndi hafði því hagað málum á þann veg að hann hefði ráðstöfunarrétt yfir öllum tekjum stefnanda á þessum tíma.

Jafnframt virðist stefnandi hafa verið með svokallaðan „kaupreikning“ hjá stefnda en inn á þann reikning hafi, að sögn stefnda, farið greiðslur frá stefnda vegna kaupa á kröfum stefnanda. Stefndi hafi haft fullan aðgang að þeim reikningi og sá, samkvæmt skýrslutöku yfir fyrirsvarsmanni stefnda, um að greiða birgjum og starfsmönnum af þeim reikningi. Hafi stefndi því verið með umtalsverða umsýslu í rekstri stefnanda og hafi þannig að einhverju leyti séð um daglegan rekstur stefnanda. Stefnandi hafi kosið að hygla stefnda fram yfir aðra kröfuhafa þegar það hafi farið að halla undan fæti í rekstrinum og ljóst í hvað hafi stefnt. Stefnandi telji því ljóst að gjafatilgangur hafi legið að baki ráðstöfununum, enda hafi ekkert endurgjald komið fyrir.

Þetta kunni einnig að helgast af því að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi viljað hygla stefnda af því að hann væri með veð í fasteign í eigu Freygarðs Jóhannessonar og Nataliu Proskurnina, eigenda stefnanda, samtals að fjárhæð 100.000.000 króna. Það hafi því verið hagsmunir eigenda stefnanda og mikill hvati að greiða sem mest til þessa eina kröfuhafa, stefnda, til að koma í veg fyrir að stefndi myndi ganga að fasteign þeirra að Frjóakri 7 í Garðabæ. Jafnframt hafi stefndi haft sjálfskuldarábyrgð frá fyrrgreindum eigendum stefnanda vegna skulda stefnanda við stefnda. Þegar um sé að ræða veðsetningu í heimili stjórnenda félags og sjálfskuldarábyrgð þeirra liggi í augum uppi að slíkur kröfuhafi gangi fyrir um greiðslur sem komi inn í rekstur félags. Það hafi endurspeglast í því að stefndi hafi tekið allar tekjur stefnanda, sem hafi fengist frá Korputorgi ehf. eftir gerð samnings við félagið, og millifært á eigin reikning, væntanlega til uppgjörs á eigin kröfum.

Framangreindar greiðslur hafi allar farið fram á tímabilinu 26. júlí 2019 til 20. desember 2019. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin hafi verið 3. október 2019 og hafi greiðslurnar því allar farið fram innan sex mánaða frá frestdegi eða eftir frestdag.

Með vísan til framangreinds geri stefnandi kröfu um að rift verði með dómi með vísan til 131. gr. laga nr. 21/1991 greiðslum til stefnda sem fram fóru á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, eða á 3.300.069 krónum þann 26. júlí 2019, á 3.480.321 krónu

þann 13. ágúst 2019, á 2.100.067 krónum þann 4. september 2019, og á 304.305 krónum þann 12. september 2019, samtals greiðslum að fjárhæð 9.184.762 krónur.

#### Riftunarkrafa með stoð í 134. gr. laga nr. 21/1991

Verði litið svo á að ekki hafi verið um gjöf að ræða í skilningi 131. gr. laga nr. 21/1991 heldur greiðslu á skuld byggir stefnandi á því að um sé að ræða riftanlegar ráðstafanir á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 hvað varðar þær greiðslur sem fram fóru síðustu sex mánuði fyrir frestdag, en á 139. gr. laganna hvað varðar ráðstafanir sem fóru fram eftir frestdag.

Samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991 megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Til að ráðstöfun teljist riftanleg samkvæmt ákvæðinu þurfi því eitt þriggja skilyrða ákvæðisins að vera uppfyllt.

Ljóst sé að greiðsla hafi átt sér stað með óvenjulegum greiðslueyri, auk þess sem umræddar greiðslur hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega. Þá sé ekki um að ræða greiðslu sem sé venjuleg eftir atvikum. Með vísan til þessa alls sé skilyrðum ákvæðisins fullnægt.

Hvað varði það skilyrði að greiðslur hafi skert greiðslugetu verulega verði að benda á að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá stefnanda í fjölmörg skipti áður en umræddar greiðslur hafi farið fram og á sama tíma eða eftir að þær fóru fram. Megi þar vísa til árangurslausra fjárnáma dagana 16. ágúst 2017, 8. maí 2017, 30. apríl 2018, 12. nóvember 2018, 13. september 2019, 16. september 2019, 11. október 2019, 25. október 2019 og þriggja hinn 9. desember 2019. Þannig hafi verið ljóst að á þeim tíma sem greiðslurnar hafi farið fram hafi stefnandi verið eignalaus og ógjaldfær. Þannig hafi greiðslurnar, samtals að fjárhæð 19.014.715 krónur, skert greiðslugetu stefnanda verulega.

Kröfur í þrotabúið hafi numið rúmum 222 milljónum króna og margar þeirra hafi verið gjaldfallnar þegar stefndi hafi tekið umræddar tekjur af reikningi stefnanda til greiðslu á eigin kröfum. Rétt sé að líta á greiðslurnar sem eina heild þó að hver og ein greiðsla teljist ekki endilega hafa skert greiðslugetu stefnanda verulega, enda hafi þær allar verið greiddar á grundvelli sama verksamnings við Korputorg ehf.

Um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða þar sem það hafi ekki verið stefnandi sem hafi greitt umræddar kröfur heldur hafi stefndi sjálfur greitt sér eigin kröfur. Það að stefndi hafi með sjálftöku tekið allt sem á bankareikning stefnanda hafi komið vegna viðskipta við Korputorg ehf. feli í sér óvenjulegan greiðslueyri. Slík sjálftaka geti aldrei talist venjuleg eftir atvikum, enda hafi stefndi verið eini kröfuhafinn með slíkan aðgang að bankareikningi stefnanda.

Með vísan til framangreinds telji stefnandi að umræddar greiðslur séu riftanlegar samkvæmt 134. gr. laga nr. 21/1991, enda geti þær ekki talist venjulegar eftir atvikum. Það sé stefndi sem beri sönnunarbyrðina fyrir því að greiðslurnar hafi verið venjulegar eftir atvikum og að hann eigi ekki að þola riftun.

Stefnandi geri kröfu um að rift verði með dómi, með vísan til 134. gr. laga nr. 21/1991, greiðslum til stefnda sem fram fóru á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, eða á 3.300.069 krónum þann 26. júlí 2019, á 3.480.321 krónu þann 13. ágúst 2019, á 2.100.067 krónum þann 4. september 2019 og á 304.305 krónum þann 12. september 2019, samtals greiðslum að fjárhæð 9.184.762 krónur.

#### Riftunarkrafa með stoð í 139. gr. laga nr. 21/1991

Stefnandi byggir á því að þær greiðslur sem fram fóru eftir frestdag séu riftanlegar með vísan til 139. gr. laga nr. 21/1991. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin hafi verið 3. október 2019. Þannig hafi átta af tólf færslum farið fram eftir frestdag eða tvær hinn 7. október 2019, annars vegar að fjárhæð 596.784 krónur og hins vegar að fjárhæð 1.707.064 krónur, 837.560 krónur hinn 21. október 2019, tvær færslur hinn 13. nóvember 2019 annars vegar að fjárhæð 1.000.000 króna og hins vegar að fjárhæð 197.020 krónur, 3.500.000 krónur hinn 4. desember 2019, 629.185 krónur hinn 18. desember 2019 og 1.500.000 krónur hinn 20. desember 2019, eða samtals 9.967.613 krónur.

Samkvæmt 139. gr. laga nr. 21/1991 megi krefjast riftunar á greiðslu skuldar ef greitt var eftir frestdag nema skuldin hafi greiðst við gjaldþrotaskipti, nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni eða sá sem greiðslu naut hafi hvorki vitað né mátt vita að komið hefði fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Þá megi krefjast riftunar annarra ráðstafana sem hafa verið gerðar eftir frestdag nema ráðstöfunin hafi verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar þrotamannsins, eðlileg með tilliti til sameiginlegra hagsmuna lánardrottna eða til að fullnægja daglegum þörfum. Ekki verði rift gagnvart þeim sem mátti líta svo á að ráðstöfunin hefði verið þess eðlis sem á undan segir eða hvorki vissi né mátti vita um beiðni um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings eða um kröfu um gjaldþrotaskipti.

Umræddar greiðslur séu riftanlegar með vísan til 139. gr. laga nr. 21/1991 hvort sem greiðslurnar teljist greiðsla á skuld eða annars konar ráðstöfun, svo sem gjöf.

Af fræðiritum og dómaframkvæmd megi leiða þá meginreglu að greiðslur skulda eftir frestdag séu riftanlegar, nema undantekningar ákvæðisins eigi örugglega við en það sé stefndi sem beri sönnunarbyrðina fyrir því.

Meint skuld við stefnda hafi ekki fengist greidd við gjaldþrotaskiptin og eigi fyrsta undantekningin því ekki við. Þá hafi meint handveðsetning á bankareikningum stefnanda ekki notið réttarverndar eða hafi í öllu falli verið riftanleg með vísan til 137.

gr. laga nr. 21/1991 og hafi krafan því ekki notið forgangs við skiptin sem veðkrafa samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991. Kröfunni hafi verið hafnað sem forgangskröfu af hálfu skiptastjóra. Krafa hafi því stöðu almennrar kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 sem ekki hafi verið tekin afstaða til og ljóst að hún komi ekki til með að fást greidd, enda hafi forgangskröfur í búið numið 57.179.051 krónu af þeim 222.552.938 krónum sem var lýst í búið.

Þá hafi greiðslan ekki verið nauðsynleg til að forða tjóni. Ef um almenna kröfu er að ræða eigi það sjaldnast við og verði að hafa í huga að grundvallarreglan sé sú að eftir frestdag eigi skuldari ekki að greiða neinar skuldir. Á þeim tíma sem greiðslurnar hafi farið fram hafi engum getað dulist að enginn rekstrargrundvöllur hafi verið fyrir hendi hjá stefnanda.

Ljóst sé að stefndi hafi verið grandsamur um yfirvofandi gjaldþrot stefnanda. Stefnda hafi ekki getað dulist að komið hafði fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi stefnanda þegar umræddar greiðslur hafi farið fram. Sönnunarbyrðin um grandleysi hvíli á stefnda. Stefndi hafi haft aðgang að bankareikningum stefnanda og tekið stóran þátt í fjármögnun rekstrar stefnanda. Stefndi hafi séð um að greiða hluta af skuldum stefnanda og hafi því vitað um skuldastöðu stefnanda og fjárhagsstöðu hans almennt. Þá hafi lögmenn stefnda, þá Lögmenn Sundagörðum ehf., sem jafnframt hafi verið lögmenn stefnanda fyrir þrotið, flett stefnanda reglulega upp í vanskilaskrá og það hafi stefndi líka gert.

Verði ekki litið svo á að um hafi verið að ræða greiðslu á skuld telji stefnandi að um hafi verið að ræða annars konar ráðstöfun, þ.e. gjöf sem hafi farið fram eftir frestdag og sé því um að ræða riftanlega ráðstöfun með vísan til 2. mgr. 139. gr. laga nr. 21/1991.

Ljóst sé að ekki hafi verið um að ræða ráðstöfun sem hafi verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar þrotamanns. Þegar ráðstafanirnar hafi verið gerðar hafi verið ljóst að enginn grundvöllur var fyrir áframhaldandi rekstri stefnanda. Þá sé einnig ljóst að þær geti ekki talist eðlilegar með tilliti til sameiginlegra hagsmuna lánardrottna og að þær hafi ekki verið til hagsbóta fyrir aðra kröfuhafa en stefnda. Loks séu þær ekki eðlilegar til þess að fullnægja daglegum þörfum stefnanda. Eigi undantekningarreglurnar því ekki við um greiðslurnar til stefnda.

Stefnandi geri kröfu um að rift verði með dómi greiðslum til stefnda sem hafi farið fram eftir frestdag, samtals að fjárhæð 9.967.613 krónur, eða tvær færslur hinn 7. október 2019, annars vegar að fjárhæð 596.784 krónur og hins vegar að fjárhæð 1.707.064 krónur, 837.560 krónur hinn 21. október 2019, tvær færslur hinn 13. nóvember 2019 annars vegar að fjárhæð 1.000.000 króna og hins vegar að fjárhæð 197.020 krónur, 3.500.000 krónur hinn 4. desember 2019, 629.185 krónur hinn 18. desember 2019 og 1.500.000 krónur hinn 20. desember 2019, með vísan til 139. gr. laga nr. 21/1991.

### Riftunarkrafa með stoð í 141. gr. laga nr. 21/1991

Stefnandi byggir enn fremur á því að framangreindar ráðstafanir séu riftanlegar með vísan til hinnar almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þar sem segir að krefjast megi riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Ljóst sé að ráðstafanirnar hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa og hafi leitt til þess að eignir þrotabúsins hafi ekki verið til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum. Á þeim tíma sem umræddar ráðstafanir hafi verið gerðar hafi stefnandi auk þess verið ógjaldfær og mátti stefnda vera það ljóst. Einnig mátti stefndi vita að ráðstöfunin var ótilhlýðileg. Ef ráðstöfun felur í sér brot á jafnræði kröfuhafa sé sú háttsemi ótilhlýðileg, sérstaklega ef kröfuhafa mátti vera það ljóst. Átta færslur af tólf hafi verið framkvæmdar af stefnda sjálfum sem hafi haft aðgang og millifærsluheimild á bankareikningum stefnanda.

### Fjárfkrafa stefnanda

Stefnandi byggir fjárkröfu sína á 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 að því leyti sem riftunarkrafan byggist á 131., 134. og 137. gr. sömu laga, en á 3. mgr. 142. gr. laganna að því leyti sem riftunarkrafan er reist á 139. og 141. gr. laganna.

Stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni sem nemi andvirði ráðstafananna, samtals að fjárhæð 19.152.375 krónur. Hefðu framangreindar ráðstafanir ekki átt sér stað hefðu fjármunirnir nýst stefnanda til úthlutunar til kröfuhafa. Þar sem stefnda hafi verið kunnugt um riftanleika þeirra ráðstafana sem að framan greinir beri að dæma stefnda til greiðslu tjónsbóta, sbr. lokamálslið 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991.

Verði ekki fallist á að stefnda hafi verið kunnugt um riftanleika ráðstafananna vísar stefnandi til fyrsta málsliðar 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 sem leiði til sömu fjárkröfu vegna þeirra ráðstafana.

Að því leyti sem riftunarkrafa byggist á 139. og 141. gr. laga nr. 21/1991 beri stefnda að greiða bætur eftir almennum reglum skaðabótaréttarins sem leiði til sömu fjárkröfu og að framan greinir, sbr. 3. mgr. 142. gr.

Tjón stefnanda vegna ráðstafananna sé 19.152.375 krónur, sem sé sú fjárhæð sem stefndi hafi fengið greidda á grundvelli framangreindra riftanlegra ráðstafana. Krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum 19.152.375 krónur auk vaxta. Þá gerir stefnandi kröfu um vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi sem umræddar greiðslur fóru fram en það séu þeir dagar sem hið bótaskylda

atvik hafi átt sér stað. Þá er gerð krafa um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 19.152.375 krónum frá 17. september 2020 eða frá máshöfðun.

Skiptastjóri hafi fyrst átt þess kost að höfða dómssmál þetta um riftun á framangreindum greiðslum eftir að kröfuhafar höfðu samþykkt að ábyrgjast kostnað vegna málaferlanna. Yfirlýsing þeirra hafi markað fyrsta mögulega upphaf máshöfðunarfrests samkvæmt 148. gr. laga nr. 21/1991, en samþykkið hafi ekki fengist fyrr en 28. ágúst 2020. Í öllu falli hafi máshöfðunarfrestur ekki byrjað að líða fyrr en eftir fyrsta skiptafund hinn 27. apríl 2020.

### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Stefndi byggir kröfu um sýknu á því að um hafi verið að ræða viðskipti á milli aðila. Þá mótmælir stefndi öllum málsástæðum í stefnu sem röngum að því marki sem þær samrýmist ekki málstað stefnda.

Þær upplýsingar sem stefnandi hafi aflað frá framkvæmdastjóra Korputorgs ehf. varðandi þríhliða samning á milli Korputorgs ehf., stefnda og stefnanda í þremur verkefnum hafi ekki komið málinu við. Málið hafi snúist um nýjan samning um viðbótarfjármögnun á milli stefnda og stefnanda án aðkomu Korputorgs ehf. Ástæða þess að sama fyrirkomulag hafi ekki verið haft og í fyrri þríhliða samningum aðila hafi verið sú að við framkvæmd fyrri samningsins hafi komið upp álitafni um framkvæmd hans. Sökum þess að reikningarnir hafi verið framseldir hefði Korputorg ehf. ekki getað beint vanefndaúrræðum að stefnanda. Því hafi Korputorg ehf. þvertekið fyrir það að gera þríhliða samning. Vísar stefndi til meginreglunnar um samningsfrelsi, að mönnum sé almennt heimilt að semja við hvern sem er, um hvað sem er og hvort þeir yfir höfuð geri samning. Hafi stefnda og stefnanda því verið fullfrjálst að gera samning um viðbótarfjármögnun stefnanda við Korputorg ehf., án aðkomu Korputorgs ehf.

Hugtakið „kaupreikningur stefnanda“ hafi áður verið skýrt fyrir stefnanda. Um sé að ræða bókhaldslykil í bókhaldi stefnda, sem sé til þess að halda yfirsýn yfir færslur á milli aðila. Í reynd hafi féð verið á bankareikningi stefnda þar til stefnandi hafi beðið hann að ráðstafa því annað fyrir sig. Hafi þetta verið hluti af samningi aðila, sbr. 5. gr. samningsins frá 8. júlí 2019.

Þá hafi skiptastjóri einnig óskað eftir yfirliti yfir allt fjárflæði á milli félaganna frá 1. október 2017, en stefndi telji óþarft að fara í þá vinnu að tína það saman, þar sem stefnandi eigi að hafa öll þau gögn undir höndum.

Hvað varðar handveðsetningu stefnda á reikningi stefnanda hafi sá reikningur verið handveðsettur sama dag og samningur aðila hafi verið undirritaður, 8. júlí 2019. Landsbankanum hafi ekki verið tilkynnt um handveðsetninguna né undirritað skjal um slíkt, en langt sé síðan Landsbankinn hætti að undirrita handveðsyfirlýsingar fyrir þriðja

aðila. Aðkoma Landsbankans að slíkum veðsetningum skipti því ekki máli út frá gildi slíkra gerninga. Stefndi hafi ekki vitað að stefnandi hefði enn haft prókúru á hinn handveðsetta reikning. Stefndi hafi verið í góðri trú um að stefnandi hefði misst umráð yfir reikningnum og treyst því þegar samningurinn var gerður og handveðsyfirlýsingin undirrituð. Réttarverndin gagnvart þriðja manni ein krefjist þess að veðsali missi umráð yfir veðinu. Þessum veðrétti hafi ekki verið rift þar sem skiptastjóri hafi ekki farið yfir þessar greiðslur á skiptafundinum nema að því leyti að hann hafi óskað eftir því að kröfuhafar í þrotabúið myndu ábyrgjast kostnað af frekari skoðun málsins.

Kröfu stefnda í búið hafi verið hafnað á grundvelli órökstuddra skýringa þrátt fyrir að eftir þeim hefði verið sóst. Aldrei hafi verið vikið að riftun á þeim 19.153.096 krónum sem stefndi hafi fengið greiddar fyrir viðbótarfjármögnunina frá 8. júlí 2019 að fjárhæð 18.000.000 króna, né heldur 1.153.096 krónur sem hafi gengið upp í greiðslurnar sem stefndi hafi látið aftur af hendi á grundvelli munnlegs samkomulags aðila til að halda rekstri stefnanda gangandi.

Stefnandi virðist ítrekað rugla saman tveimur samningum. Þannig hafi stefnandi tekið fram að allir reikningar hafi verið framseldir stefnda og stimplaðir um það en það hafi hins vegar ekki átt við um þá reikninga sem þetta mál fjalli um. Um sé að ræða tvo óháða samninga, fyrri samningurinn hafi verið hinn þríhliða samningur á milli stefnda, stefnanda og Korputorgs ehf. en seinni samningurinn hafi verið gerður um verkefni stefnanda í þágu Korputorgs ehf., dags. 11. júlí 2019, og einungis á milli stefnanda og Korputorgs ehf. Stefnandi hafi leitað til stefnda um reikningskaup á þessum viðskiptum svo sem fram komi í samkomulaginu sem hafi verið gert á milli stefnanda og stefnda hinn 8. júlí 2019. Stefndi geti ekki séð hvernig það komi honum við að það samkomulag hafi ekki fundist í bókhaldi stefnanda, enda sé stefndi stórt fyrirtæki með marga viðskiptavinum.

Í samkomulaginu frá 8. júlí 2019 hafi verið tekið fram að forsenda fyrir því væri að reikningur nr. 135, að fjárhæð 7.884.324 krónur, hefði verið greiddur. Ljóst sé að efnidir á þessum samningi hefðu ekki orðið með þessum hætti ef samningurinn hefði ekki haft gildi. Stefnandi taki fram að ekki hafi verið um hrein kaup á kröfum að ræða þar sem stefndi hafi tekið stóran hluta andvirðis útgefinna reikninga til greiðslu eldri reikninga sem og þóknana. Ekki verði séð hvernig það eigi að skilja öðruvísi en að það gangi upp, enda eldri reikningar og þóknanir lögmætar kröfur í skilningi kröfuréttar. Þá hafi stefnda ekki komið það við hvernig stefnandi hafi ráðstafað fjármuninum, 18.000.000 króna, sem hann hafi fengið fyrir viðbótarsamninginn frá 8. júlí 2019, að öðru leyti en til að efna samninginn. Stefnandi taki fram að greiðslurnar vegna samningsins hafi ekki skilað sér inn á bankareikning stefnanda. Samkvæmt 5. gr. samningsins sé kveðið á um að starfsmaður stefnda ráðstafi útborgunarfjárhæð í samráði við stefnanda. Ekki sé getið um að starfsmaður stefnda hafi þurft að ráðstafa

útborgunarfjárhæðinni inn á reikning stefnanda, enda hafi það beinlínis verið tekið fram að fénu yrði ráðstafað frá stefnda. Féð hafi verið inni á bankareikningi stefnda þangað til fyrirvarsmaður stefnanda hafi tjáð honum hvert ætti að ráðstafa því.

Stefnandi hafi aldrei borið því við áður að vilja vita hver hafi verið umsjónarmaður bókhaldslykilsins og þar af leiðandi sá starfsmaður sem aðstoðaði stefnanda í viðskiptum sínum við stefnda. Stefnandi hefði getað óskað eftir þeim upplýsingum hvenær sem var.

Hvað varði bókhaldslykil (kaupreikning) stefnanda hjá stefnda vísist til 82. gr. laga nr. 21/1991, en stefndi, sem sé ekki lánastofnun, hafi ekki eignir stefnanda undir höndum heldur sé um gögn í rekstri stefnda að ræða. Geti slík gögn ekki verið þess eðlis að þau þurfi að láta af hendi. Beri reikningar málsins með sér að stefndi hafi reitt af hendi full kröfukaup upp á 18.000.000 króna, ásamt viðbótarfjármögnun samkvæmt munnlegu samkomulagi upp á 5.597.235 krónur. Reikningarnir hafi allir verið undirritaðir af fyrirvarsmanni stefnanda og hafi jafnframt farið að miklu leyti inn á reikning stefnanda.

Kröfur stefnda í búið byggi stefndi á því að þegar hann hafi fengið greitt samkvæmt framvindu hverju sinni hafi hann oft látið greiðslurnar aftur af hendi til borgunar á skuldum stefnanda samkvæmt munnlegu samkomulagi. Hafi þetta verið gert til að halda rekstri stefnanda gangandi. Sé það ein af ástæðunum fyrir því að stefndi hafi ekki getað talist grandsamur um yfirvofandi gjaldþrot stefnanda, enda hafi hann látið mikla fjármuni af hendi á þessu tímabili, meðal annars eftir frestdag til að halda stefnanda í rekstri. Hins vegar hafi þær greiðslur sem deilt sé um verið til greiðslu á kröfu vegna samnings frá 8. júlí 2019. Stefndi hafi keypt kröfur af stefnanda fyrir 18 milljónir króna. Stefndi hafi síðan fengið borgað til baka í áföngum eftir framvindu verks stefnanda. Í framhaldinu hafi stefndi svo látið hluta andvirðisins sem hann hafi fengið greitt aftur af hendi í þágu stefnanda til greiðslu reikninga hans. Hafi það verið byggt á munnlegu samkomulagi aðila samningsins.

Stefndi hafi ekki fengið tilkynningu um riftun á þeim 19.153.096 krónum sem krafist sé riftunar á í þessu máli. Riftunaryfirlýsing sé ákvöð, og hún hafi bindandi áhrif samkvæmt efni sínu þegar hún sé komin til móttakanda. Stefnda hafi ekki enn verið tjáð að slík riftun hafi farið fram og kæmi hún fram nú yrði hún talin hafa komið of seint fram, sbr. 148. gr. laga nr. 21/1991. Þannig verði ekki séð að þessum greiðslum hafi verið rift. Stefndi hafi undir höndum skjöl sem sýni að stefnandi hafi sent öðrum aðila vegna sama þrotabús sérstakt riftunarbréf, en stefndi hafi ekki fengið slíkt bréf varðandi þessar greiðslur.

#### Riftunarkrafa með stoð í 131. gr. laga nr. 21/1991

Heimild til riftunar gjafagernings eigi sér enga stoð með hliðsjón af gögnum málsins. Stefnandi kveður umræddar millifærslur hafa falið í sér skerðingu eða rýrnun á eignum

stefnanda. Stefndi telji það fjarri lagi þar sem stefnandi hafi í reynd hagnast á viðskiptum sínum við stefnda þannig að eftir sitji kröfur í búið, sem stefndi sjái ekki fram á að hann fái greiddar til baka. Stefndi hafi því í reynd fengið 18.000.000 króna við kröfukaup stefnda, að frádreginni samningsbundinni þóknun, og síðar hafi stefndi látið af hendi drjúgan hluta endurgjaldsins í áframhaldandi rekstur stefnanda. Þannig hafi stefnandi í raun fengið 23.597.235 krónur en stefndi aðeins setið eftir með 12.402.765 krónur.

Vísar stefndi því alfarið á bug að hér hafi verið um gjafagerning að ræða enda sýni reikningar málsins að fyrirsvarmaður stefnanda hafi ráðstafað fjármununum sem stefndi greiddi honum á grundvelli samningsins frá 8. júlí 2019.

Þá vísi stefnandi jafnframt til sambands hans og stefnda og hversu sérstaks eðlis það hafi verið. Stefndi hafi haft hag af því að stefnandi væri í rekstri og það sjáist á því að hann hafi haldið áfram að borga skuldir stefnanda langt fram yfir frestdag og í raun miklu lengur en einhver sem hefði vitað í hvað stefndi. Þá hafi hann reynt að tryggja að stefndi fengi sitt greitt með því að létta undir með stefnanda. Hvernig það geti komið svo út að stefndi hafi hagnast sé með öllu óskiljanlegt. Staðhæfingu stefnanda um að stefndi hafi á einhvern hátt annast rekstur stefnanda eigi við engin rök að styðjast.

Rétt sé að stefndi eigi veð í fasteign eiganda stefnanda, en ekki það að svokallaður gjafagerningur, sem fullt verð hafi þó komið fyrir, geti komið í veg fyrir að gengið yrði að fasteign hans. Stefndi mótmæli því að hér sé um einhvers konar gjafagerning að ræða, sbr. 1. mgr. 131. gr. laga nr. 21/1991. Gjafagerningur sé einhliða gerningur þar sem verðmæti eða önnur réttindi eru lätin af hendi án þess að endurgjald komi fyrir þau. Það eigi ekki við í þessu máli.

#### Riftun með stoð í 134. gr. laga nr. 21/1991

Þrátt fyrir að stefndi hafi sjálfur tekið innstæður af reikningi stefnanda geti það ekki talist óvenjulegur greiðslueyrir þar sem framkvæmdin hafi verið nákvæmlega sú sem samið hafi verið um. Stefndi hafi ekki sjálfur greitt kröfurnar heldur sótt þær á reikning sem hafi verið handveðsettur honum til þess eins að vera til fullnustu þeirrar skuldbindingar sem stefnandi hafði gengist undir gagnvart honum þegar stefndi hafi fjármagnað viðbótarsamning stefnanda við Korputorg ehf.

Þá hafi greiðslurnar ekki skert greiðslugetu stefnanda verulega þar sem þær hafi farið að mestu í að halda stefnanda gangandi með því að greiða viðskiptaskuldir og laun starfsmanna stefnanda. Hafi stefnandi því hagnast og átt kost á því að halda starfsemi sinni áfram lengur en ef ekki hefði verið fyrir stefnda. Sé því ótækt að halda því fram að greiðslugeta stefnanda hafi skerast við þessa tilhögun, en í henni hafi falist að stefnandi hefði áður fengið 18 milljónir króna til ráðstöfunar.

Greiðslan hafi verið venjuleg, enda einungis um endurgjald fyrir selda kröfu að ræða. Meginregla kröfuréttar sé sú að endurgjald komi fyrir selda vöru, og sé það

jafnframt grundvöllur viðskipta. Endurgjaldið hafi verið greitt með peningum og því verði að telja að um venjulega greiðslu hafi verið að ræða. Þá hafi verið samið um greiðsluna hinn 8. júlí 2019 og því allir hlutaðeigandi upplýstir um kröfuna sem stefndi hafi átt hjá stefnanda.

Stefndi mótmæli því að um sjálfstöku hafi verið að ræða, eins og stefnandi haldi fram, þar sem ákveðið hafi verið að endurgjaldið fyrir fjármögnunina yrði greitt með þessum hætti. Því hafi sú athöfn starfsmanna stefnda að færa fjármunina á milli bankareikninga ekki falið í sér sjálfstöku, heldur það að koma þeim á réttan stað.

Af þeim sökum verði ekki séð að greiðslan hafi verið óvenjuleg eða að stefndi hafi haft vitneskju um að frestdagur hefði komið og að yfirvofandi gjaldþrot væri væntanlegt. Þannig geti skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 ekki átt við og því geti riftun á greiðslum fyrir frestdag ekki átt stoð í þeirri grein.

#### Riftunarkrafa með stoð í 139. gr. laga nr. 21/1991

Stefnandi haldi því fram að þar sem stefndi hafi greitt mikið af skuldum í þágu stefnanda hafi hann vel getað vitað um fjárhagslega stöðu hans. Þvert á móti hafi það gefið stefnda falskar væntingar um stöðu stefnanda. Stefndi hafi mjög lengi greitt mikla fjármuni vegna skulda stefnanda og talið það vera til þess að hann gæti haldið rekstri áfram. Það hafi því komið flatt upp á stefnda þegar hann hafi komist að því að stefnandi hefði farið í þrot.

Þrátt fyrir að stefnanda hafi verið flett upp í vanskilaskrá sýni það aðeins hálfa hlið peningsins, enda þýði árangurslaus fjárnám ekki sjálfkrafa að aðili sé ógjaldfær. Þannig geti það ekki skipt máli að stefndi hafi kannað stöðu stefnanda enda hafi hann fjármagnað rekstur stefnanda að miklu leyti.

Jafnframt hafi ráðstöfunin verið nauðsynleg í þágu atvinnurekstrar stefnanda, ólíkt því sem stefnandi haldi fram. Viðbótarfjármögnun hafi verið nauðsynleg fyrir áframhaldandi rekstur stefnanda og hafi miklum hluta endurgjaldsins verið ráðstafað aftur í þágu stefnanda.

Verði ekki séð hvernig stefndi ætti að hafa haft vitneskju um að frestdagur hefði orðið í október 2019 og öll gögn bendi frá þeirri staðhæfingu.

#### Riftunarkrafa með stoð í 141. gr. laga nr. 21/1991

Stefndi byggir á því að hann hafi ekki vitað hver raunveruleg staða stefnanda hafi verið. Í stefnu sé talið að ráðstafanirnar hafi verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Telur stefndi að hann hafi tapað hvað mest á ráðstöfunum sínum í þágu stefnanda.

Stefndi mótmæli því að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg þar sem eðlilegt sé að fá endurgjald fyrir greidda þjónustu, í þessu tilfelli fjármögnun viðbótarsamnings. Staða

stefnda hafi því ekki verið tryggð fram yfir aðra kröfuhafa, heldur hafi stefndi haldið rekstri stefnanda gangandi, sem hljóti að teljast til hagsbóta fyrir aðra kröfuhafa.

Ekki sé fallist á að stefnandi hafi orðið fyrir því fjártjóni sem hann haldi fram þar sem ljóst sé að aldrei hefði orðið af verkefni stefnanda fyrir Korputorg ehf. ef ekki hefði verið fyrir stefnda, sem verið hafi líflína fyrir stefnanda. Því sé einnig hafnað að stefnda hafi verið kunnugt um riftanleika greiðslanna enda séu greiðslurnar óriftanlegar. Því sé það af og frá að stefnandi eigi rétt á tjónsbótum.

Ekki sé fallist á að fyrsti málsliður 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 eigi við og geti leitt til fjárkröfu á hendur stefnda.

Stefnandi byggi á því að bæta eigi það tjón sem leiði af riftunarkröfum sem byggðar eru á 139. og 141. gr. laga nr. 21/1991 og beri stefnda því að greiða bætur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins, sbr. 3. mgr. 142. gr.

Frumskilyrði skaðabótaábyrgðar sé að tjón hafi orðið. Endurgjald fyrir keypta þjónustu geti ekki talist tjón. Þá hafi endurgjaldið verið eðlilegt og því ráðstafað aftur í þágu stefnanda. Vilji stefnandi halda því fram að um skaðabótaábyrgð sé að ræða verði hann að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

## **Niðurstaða**

Málsatvikum og ágreiningsefnum aðila er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram. Svo sem þar er rakið snýst mál þetta um það hvort rifta eigi greiðslum stefnanda til stefnda að fjárhæð samtals 19.152.375 krónur og að stefnda verði jafnframt gert að greiða stefnanda skaðabætur að sömu fjárhæð.

Stefndi byggir á því að hann hafi keypt kröfu að fjárhæð 18.000.000 króna af stefnanda á grundvelli samkomulags aðilanna frá 8. júlí 2019, um að stefndi samþykkti að fjármagna viðbótarsamning við Korputorg ehf., allt að fjárhæð 18.000.000 króna. Þegar fjármögnunaraðili kaupir kröfu má almennt ganga út frá því að greitt sé fyrir kröfuna og að andvirðið nýti sá sem seldi kröfuna til að fjármagna verk, en sá sem keypti kröfuna fái greiðslur verkkaupa til sín. Viðskiptum málsaðila var samkvæmt samningi þeirra frá 4. nóvember 2016 ætlað að vera að þessu leyti hagað með slíkum hætti.

Þegar litið er til lýsingar stefnda á viðskiptum aðila sem þetta mál snýst um, þar á meðal til efnis samkomulags frá 8. júlí 2019, sem stefndi kveður eitt skipta hér máli, hefði með réttu loforð stefnda um fjármögnun allt að 18 milljóna króna verksamnings stefnanda við Korputorg ehf. átt að greiðast út til stefnanda. Í stað þess að greiða stefnanda 18 milljóna króna framlag sitt til viðskiptanna hélt stefndi því eftir. Stefndi kveðst hafa fært það sem framlag til stefnanda í bókhaldi sínu og að það hafi samkvæmt samkomulaginu að hluta gengið til að greiða þóknunir og aðra reikninga. Þessi meinta ráðstöfun er ekki studd gögnum og hefur stefndi synjað um afhendingu bókhaldsgagna sem stutt geti fullyrðingu stefnda í greinargerð um að hann hafi reitt af hendi full

kröfukaup upp á 18.000.000 króna, ásamt viðbótarfjármögnun samkvæmt munnlegu samkomulagi upp á 5.597.235 krónur.

Þessir fjármunir til fjármögnunar verksins, sem stefndi hélt eftir, hefðu í reynd átt að nýtast stefnanda sem verktaka til greiðslu kostnaðar af því tagi sem stefndi kveðst hafa greitt í þágu stefnanda vegna verksins. Til stuðnings því að stefndi hafi greitt slíkan kostnað leggur stefndi fram heimatilbúið skjal um millifærslur sínar á tímabilinu 8. júlí 2019 til 20. desember 2019, sem eyrnamerkar eru ýmist stefnanda eða Frjóakri ehf., sem er annað félag í eigu eiganda stefnanda. Af þessu skjali og gögnum sem stefndi leggur fram má helst ráða að 6.229.282 krónur séu greiddar vegna starfsemi stefnanda, en ekki er um skjal eða millifærsluyfirlit frá banka að ræða um raunverulegar greiðslur milli aðila á umræddu tímabili. Stefndi hélt umráðum yfir sammingsbundnu fjármögnunarframlagi sínu til viðskiptanna og gat því nýtt það til þessara greiðslna. Hann kveðst hafa innt þær af hendi með þeim fjármunum sem hann tók út af bankareikningi stefnanda, sem hann hafði aðgang að, jafnóðum og verkkaupinn Korputorg ehf. greiddi vinnureikninga stefnanda. Stefndi hélt því í reynd bæði eftir umsömdu framlagi að fjárhæð 18.000.000 króna og tók til sín afrakstur verksammings stefnanda og Korputorgs ehf. með úttektum af reikningi stefnanda. Í málinu krefst stefnandi riftunar á þeim greiðslum sem í þessum úttektum stefnda af bankareikningi stefnanda fólust.

Stefnandi hefur ítrekað óskað eftir gögnum frá stefnda um fjárflæði á milli aðila. Fyrirverandi framkvæmdastjóri stefnda lýsti í sérstakri vitnaskýrslu svonefndum kaupreikningi stefnanda hjá stefnda sem bókhaldslykli sem hægt væri að skoða í gegnum Excel, en að þeim reikningi hefur stefnandi ekki aðgang. Vitnið afhenti engin gögn um fjárflæði milli aðila, en tók fram að stefndi hefði afhent öll þau gögn sem hann teldi sér skylt að afhenda. Stefndi hefur ekki enn lagt fram stöðu kaupreiknings stefnanda eða önnur gögn sem sýni að úttektir stefnda hafi í reynd verið notaðar í þágu stefnanda. Þær kvittanir um millifærslur sem stefndi lagði fram við meðferð málsins og eiga að sýna fram á það eru ekki í samræmi við þær fjárhæðir sem fóru inn á reikning stefnda. Stefndi lýsti veðkröfu í þrotabúið að fjárhæð 10.514.320 krónur þann 30. janúar 2020, en þeirri kröfu var hafnað, meðal annars vegna þess að fylgigögn styddu ekki kröfuna. Fyrirverandi framkvæmdastjóri stefnda sagði í skýrslu sinni fyrir dómi við aðalmeðferð þessa máls að við gjaldþrot stefnanda hefði stefndi átt hjá honum 4.000.000 króna, sem búið væri að afskrifa. Fyrirsvarsmaður hins gjaldþrota félags sagði í skýrslugjöf sinni fyrir dómi að það væri búið að gera upp þá skuld sem félagið hefði verið í við stefnda og að skuldin hefði verið gerð upp um áramótin 2019. Í vitnaskýrslu starfsmanns stefnda kom fram að stefndi og fyrirsvarsmaður Fashion ehf. hefðu samið um að gera upp 4.000.000 króna skuld sem félagið hefði verið í við stefnda. Þessi framburður og gögn málsins eru ekki í neinu samræmi við kröfulýsingu stefnda og skýringar hans á þeirri kröfu og eykur það enn frekar á óskýrleika varðandi stöðu og fjárflæði milli aðila. Sönnunarbyrði um þær

skýringar sem varnir stefnda byggjast á hvílir á honum og verður hann því að bera hallann af því að leggja ekki fram gögn um viðskipti aðila. Óumdeilt er að af bankareikningi stefnanda voru millifærðar alls 19.152.375 krónur á bankareikning stefnda á tímabilinu frá 26. júlí til 20. desember 2019, þ.e. á síðustu sex mánuðum áður en félagið Fashion ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Þessum greiðslum krefst stefnandi hér að rift verði með dómi og að stefnda verði gert að greiða þrotabúinu bætur að samsvarandi fjárhæð.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 má krefjast riftunar ráðstafana, sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaður var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hag hafði af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Af dómaframkvæmd verður ráðið að við mat á því hvort riftunarreglum 141. gr. og annarra ákvæða XX. kafla laga nr. 21/1991 verði beitt þurfi að beina sjónum að þeim afleiðingum sem ráðstöfunin hefur haft á fjárhag skuldara og þar með á hagsmuni og jafnræði kröfuhafa, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2022 í máli nr. 14/2022.

Við tilhlýðileikamat skal litið til þess að ef ráðstöfun er venjuleg og í samræmi við fyrri háttsemi skuldarans má almennt gera ráð fyrir því að hún sé tilhlýðileg. Aðilar málsins höfðu verið í viðskiptasambandi frá árinu 2016 og á þeim tíma hafði það fyrirkomulag ekki tíðkast að stefndi væri með prókúru á reikning stefnanda sem hann millifærði fjármuni af og inn á reikning hjá sér. Verður því að telja að um óvenjulega ráðstöfun hafi verið að ræða sem hafi ekki verið í samræmi við fyrri háttsemi skuldarans. Samkvæmt greinargerð stefnda og fyrrverandi fyrrsvarsmanns hans í skýrslutöku fyrir dómi var fjármögnun stefnda nauðsynleg til þess að halda rekstri stefnanda gangandi. Að þessu virtu, svo og með hliðsjón af hinum árangurslausu fjárnámum stefnanda, telur dómurinn að ekki fari á milli mála að stefnda hafi verið ljóst að stefnandi ætti í greiðsluferfiðleikum. Þegar greiðslurnar fóru inn á reikning stefnda voru skuldir við aðra kröfuhafa gjaldfallnar og ítrekuð fjárnám áttu sér stað, svo sem áður hefur verið lýst, og var stefnandi þá eignalaus og ógjaldfær. Þessar ráðstafanir stefnda í eigin þágu, að taka til sín fjármuni sem ella hefðu runnið til þrotabúsins, með vitund eiganda stefnanda sem af því hafði persónulega hagsmuni, ívilnuðu stefnda á kostnað annarra kröfuhafa. Að þessu öllu virtu voru þessar ráðstafanir sem áttu sér stað frá 26. júlí 2019 til 20. desember sama ár ótilhlýðilegar í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 og fer ekki á milli mála að um þetta var stefndi grandsamur. Að virtu því sem fram er komið í málinu verður ekki fallist á varnir stefnda um að lagaskilyrði til riftunar séu ekki uppfyllt.

Skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 til riftunar eru uppfyllt og verður því með vísan til þess ákvæðis fallist á kröfu stefnanda um riftun umræddra ráðstafana. Þarf því ekki að fjalla frekar um aðrar riftunarreglur laganna sem stefnandi vísar til. Fallist er á það með

stefnanda að lagaskilyrði eru jafnframt fyrir hendi til þess að stefnda verði gert að bæta stefnanda tjónið sem þrotabúið varð fyrir með þessum ráðstöfunum, sbr. 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum svo sem krafist er.

Að virtu öllu því sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að fallist verður á báðar dómkröfur stefnanda og verður greiðslum stefnanda til stefnda rift og stefnda gert að greiða stefnanda skaðabætur, svo sem nánar greinir í dómsorði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður einnig fallist á kröfu stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda svo sem í dómsorði greinir.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 31. janúar 2023, en hafði enga aðkomu haft að meðferð þess til þess dags. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna og fjarveru dómara, en gætt var ákvæða 115. gr. laga nr. 91/1991 vegna þessa og töldu dómari og lögmenn aðila ekki þörf á endurflutningi málsins af þessum sökum.

### **Dómsorð:**

Rift er greiðslum stefnanda til stefnda að fjárhæð samtals 19.152.375 krónur, sem inntar voru af hendi þann 26. júlí 2019 að fjárhæð 3.300.069 krónur; þann 13. ágúst 2019 að fjárhæð 3.480.321 króna; þann 4. september 2019 að fjárhæð 2.100.067 krónur; þann 12. september 2019 að fjárhæð 304.305 krónur; þann 7. október 2019 að fjárhæð 596.784 krónur; þann 7. október 2019 að fjárhæð 1.707.064 krónur; þann 21. október 2019 að fjárhæð 837.560 krónur; þann 13. nóvember 2019 að fjárhæð 1.000.000 króna; þann 13. nóvember 2019 að fjárhæð 197.020 krónur; þann 4. desember 2019 að fjárhæð 3.500.000 krónur; þann 18. desember 2019 að fjárhæð 629.185 krónur; og þann 20. desember 2019 að fjárhæð 1.500.000 krónur.

Stefndi, A faktoring ehf., greiði stefnanda, þrotabúi Fashion ehf., skaðabætur að fjárhæð 19.152.375 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 3.300.069 krónum frá 26. júlí 2019 til 13. ágúst 2019, af 6.780.390 krónum frá þeim degi til 4. september 2019, af 8.880.457 krónum frá þeim degi til 12. september 2019, af 9.184.762 krónum frá þeim degi til 7. október 2019, af 11.488.610 krónum frá þeim degi til 21. október 2019, af 12.326.170 krónum frá þeim degi til 13. nóvember 2019, af 13.523.190 krónum frá þeim degi til 4. desember 2019, af 17.023.180 krónum frá þeim degi til 18. desember 2019, af 17.652.375 krónum frá þeim degi til 20. desember 2019 og af 19.152.375 krónum frá þeim degi til 17. september 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir